

VIÐAUKI VIÐ EIGENDASAMKOMULAG FRÁ 25. OKTÓBER 2013 V. MEÐHÖNDLUNAR ÚRGANGS Í ÁLFSNESI

Eigendur SORPU bs. gerðu með sér sérstakt eigendasamkomulag 25. október 2013 um meðhöndlun úrgangs í Álfsnesi og byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar (GAJA) til meðhöndlunar lífræns úrgangs í stað urðunar. Í samkomulaginu eru ákvæði um lokun urðunarstaðarins. Í sérstakri yfirlýsingu v. eigendasamkomulagsins frá 1. október 2018 er kveðið á um að allri urðun í Álfsnesi verði hætt 31. desember 2020. Núgildandi starfsleyfi Umhverfisstofnunar vegna urðunarstaðarins í Álfsnesi gildir til 23. maí 2035 með takmörkunum sem byggja á eigendasamkomulaginu.

Fyrir liggur að ný gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. tekur til starfa í júní 2020, og að auki er nú unnið að undirbúningi og innleiðingu tímasettrar aðgerðaráætlunar um breytta meðhöndlun og förgun úrgangs, sem m.a. leiðir af sér mjög hraða minnkun á þörf til urðunar á úrgangi og aukna áherslu á endurnýtingu lífræns og brennanlegs úrgangs á næstu 3 – 4 árum. Þær lausnir sem nú er unnið að munu leiða til þess að hlutfall urðunar fer á þessum tíma úr liðlega 55% í innan við 10% af heildarmagni úrgangs sem SORPA bs. meðhöndlar.

SORPA bs hefur á undanförunum árum unnið í samstarfi við önnur sorpsamlög á suðvesturhorni við leit að framtíðarlausn vegna urðunar á óvirkum úrgangi, en sú lausn liggur ekki enn fyrir.

Úrvinnsla og framkvæmd framangreindra aðgerða kallar því óhjákvæmilega á að frestun fyrirhugaðrar lokunar urðunarstaðarins í Álfsnesi til að veita svigrúm til að ljúka innleiðingu þeirra breytinga sem nú eru í undirbúningi, sem og vegna frekari leitar að framtíðarlausn varðandi urðun á óvirkum úrgangi.

Tillagan er unnin af Páli Guðjónssyni að beiðni Samtaka Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu.

Í ljósi ofangreinds samþykkja eigendur SORPU neðangreinda breytingu á eigendasamkomulaginu:

1. Tímabundin framlenging til takmarkaðrar nýtingar á urðunarstaðnum í Álfsnesi 2021 - 2023

Heimilt skal vera að nýta rein 20 í Álfsnesi sem hér segir:

- Til urðunar á lífrænum úrgangi á árinu 2021, allt að 6 þ. tonn.
- Til urðunar á brennanlegum úrgangi 2021 – 2023, allt að 31 þ. tonn árlega, og til urðunar á óvirkum úrgangi 2021 – 2023, allt að 18 þ. tonn árlega.

Nánari grein er gerð fyrir urðun í Álfsnesi 2021 – 2023 í fylgiskjali 1.

Heimild þessi byggir á þeim aðgerðum og skilyrðum sem fram koma í lið 2 – 4 hér að neðan.

2. Skilyrði og aðgerðir vegna takmarkaðrar nýtingar

Heimild skv. lið 1 hér að framan byggir á eftirfarandi forsendum og skilyrðum:

- Að Gými verði strax lokað og aðstaða og tækjabúnaður til móttöku og vinnslu á sláturúrgangi o.þ.h. verði tilbúin í GAJA eigi síðar en í árslok 2020. Gengið verði strax frá lokun á Gými til að útiloka lyktarmengun (sjá nánari lýsingu á aðgerðum v. Gýmis í fylgiskjali 2).
- Úrbætur verði gerðar á frágangi og umgengni við rein 20 til að draga úr flæði gass sem og lyktarmengun í samræmi við aðgerðalýsingu í fylgiskjali 2.
- Fyrir 1. október 2020 verði búið að setja fram áætlun um aðgerðir til úrbóta í áskýndarmálum vegna urðunarstaðarins gagnvart Mosfellsbæ sem m.a. byggja á tillögu að áskýndarbreytingu í fylgiskjali 4 og tillögu að skógræktarsvæði á og við urðunarstað höfuðborgarsvæðisins sbr. fylgiskjal 5.

3. Eftirfylgni

Til að fylgja eftir framvindu þeirra verkefna sem tilgreind eru í þessum viðauka tilnefnir Mosfellsbær einn fulltrúa og SORPA bs. einn fulltrúa. Þessir aðilar skulu reglulega fara yfir framvindu ákvæða þessa viðauka og gefa bæjarstjórn Mosfellsbæjar og stjórn SORPU bs. reglulega upplýsingar um stöðu verkefna, og gera viðvart ef þeir telja að aðgerðir séu ekki í samræmi við ákvæði viðaukans.

4. Lokunaráætlun eftir 2023

Áætlun um aðgerðir sem tengjast lokun urðunarstaðarins í árslok 2023 og aðgerðir sem henni tengjast skulu liggja fyrir eigi síðar en í árslok 2022. Eftir lokun urðunarstaðarins gilda almenn ákvæði laga og starfsleyfis um vöktun og frágang.

5. Neyðarleyfi

Unnið skal að samkomulagi um viðbrögð við því ef upp koma algerlega óviðráðanleg atvik, svo sem förgun vegna húsbruna eða sambærileg tilvik, sem ekki er hægt að leysa með öðrum hætti en með aðgengi að Álfsnesi eftir 2023 og ný framtíðarlausn fyrir urðun óvirks úrgangs liggur ekki fyrir.

Undirritanir:

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir þróun urðunar í Álfsnesi 2017 – 2023
2. Aðgerðaáætlun vegna lokun Gýmis
3. Aðgerðaáætlun, frágangur á rein 20
4. Ásýndarbreyting v. reinar 20 (fylgiskjal í vinnslu – tímaplan og myndir)
5. “Tillaga að skógræktarsvæði á og við urðunarstað höfuðborgarsvæðisins”, SORPA og Skógræktarfélag Reykjavíkur – ágúst 2019